

# Giljadrög í Nereidum Montes

ESP_032522_1345

HiRISE
HIGH RESOLUTION IMAGING SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS
THE UNIVERSITY OF ARIZONA.

Hér sést fallegt dæmi um giljadrög í Nereidum Montes fjallgarðinum í Argyre Planitia, einni stærstu árekstradældinni á Mars. Tilgangurinn með þessari myndatöku var að kanna hvar giljadrögin verða til í fjöllunum. Ef við getum svarað því gætum við lært ýmislegt um þau ferli sem skópu giljadrögin. Á þessu tiltekna svæði er ýmislegt sem bendir til jöklunar í fortíðinni.